

að leggja fyrir lögreglustjórana í ömtum (amti) yðar, að gjöra almenningi ofangreind 49
tilmæli kunn á þann hátt, sem yður þykir bezt við eiga, ef ske kynni, að ofangreindar 24. apríl
flöskur erfðaprinsins af Monaco rækju hjer við land.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 50
hallærislán handa Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. — Með þessu brjefi var sýslu- 5. maí.
nefndinni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitt 2500 kr. lán úr landssjóði til að af-
stýra hallæri í sýslunni. Lánið á að ávaxta með 4% á ári og endurborga með $\frac{1}{8}$
árlega á 8 árum, eða á þann hátt, sem alþingi síðar kann að ákveða.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um hallærislán handa 51
sýslunni. — Með þessu brjefi var sýslunefndinni í Húnavatnssýslu veitt 400 kr. lán úr 6. maí.
landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni. Lánið á að ávaxta með 4% á ári og endur-
borgast með $\frac{1}{8}$ árlega á 8 árum, eða á þann hátt, sem alþingi síðar kann að ákveða.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um lán handa Reykjavík- 52
ur kaupstað til að kaupa slökkvívjel. — Með þessu brjefi veitti landshöfðingi Reykja- 11. maí.
víkur kaupstað 2700 kr. lán úr landssjóði til að kaupa nýja slökkvívjel handa bænum.
Lánið á að ávaxtast og endurborgast með 6% á ári, þannig að það sje að fullu endur-
borgað landssjóði á 28 árum frá lántökudegi. Þó er lánveitingin bundin því skilyrði, að
Reykjavíkur kaupstaður skal skyldur til, hvenær sem krafizt verður eptir árslok 1886, að
endurborga lánið að fullu.

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um að kirkjujarðir verði lagðar 53
út í árgjaldið frá Oddaprestakalli. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef hinna 11. maí.
háttvirtu stiptyfirvalda 16. marz þ. á. og skýrslu þá, er þar með fylgdi, um afgjald
Oddakirkju jarða, reiknað til peninga eptir verðlagsskrárverði síðustu 5 ár, sem og tillögur
prófastsins í Rangárvallaprófastsdæmi um það, hverjar af jörðum þessum ættu að ganga
undan umráðum prestsins í Odda til þess að fullnægt verði skilyrði því fyrir uppgjöf á
ógoldnum árgjöldum af Oddaprestakalli, sem sett er í 2. gr. fjárukalaga 2. nóv. f. á.
fyrir árin 1884 og 1885, þá vil jeg hjermeð fallast á, að hinir svonefndu Bakkabær,
jarðirnar Nr. 11—19 á eptirgjaldsskránni, verði lagðir út í hið ákveðna árgjald af
Oddaprestakalli, og að þessar jarðir verði lagðar til Efri-Holtapinga og Stóruvallapresta-
kalls sem uppbót sú, er nefndum prestaköllum ber úr landssjóði samkvæmt 1. gr. laga
um skipun prestakalla 27. febr. 1880.

Um leið og þetta hjermeð tilkynnist hinum háttvirtu stiptyfirvöldum til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að
útvega og senda hingað með þóknanlegum ummælum yðar tillögur prófastsins í Rangár-
vallaprófastsdæmi um það, hvernig að skuli farið með landsskuld þá af ofanefndum
jörðum, sem fellur í gjalddaga í næstu fardögum, svo að landssjóður að einu leytinu fái
endurgoldinn þann hluta uppbótarinnar, sem þá verður búið að útborga Efri-Holtaping-